

Verne Holdings ehf.  
Reykjanesbær  
Valhallarbraut 868  
235 REYKJANESBÆ

Reykjavík, 5. september 2014  
Tilvísun: 2014070021/50.4.3  
Verknúmer: 1103000

**Efni: Fylgibréf með leyfi til stækkunar varaafsstöðvar á Ásbrú í Reykjanesbæ úr 8 MW í 10 MW**

Orkustofnun vísar til erindis Verne Holdings ehf., dags. 18. júlí 2014, sem barst stofnuninni 16. júlí 2014. s.m., þar sem sótt er um leyfi til að stækka varaafsstöð sína á Ásbrú í Reykjanesbæ úr 8 MW í 10 MW á grundvelli 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 svo og þeirra gagna er bærust með umsókninni.

Verne Holdings ehf. sótti upprunalega um virkjunarleyfi í nóvember 2009 fyrir 55 MW varaafsstöð. Afgreiðslu leyfisumsóknarinnar var þó frestað að beiðni umsækjanda. Þá var öðru sinni sótt um virkjunarleyfi til stofnunarinnar, þann 11. júlí 2011, þar sem þess er óskað að umsóknin sé tekin til meðferðar á ný, þó með nokkrum breytingum. Í upphafi var sótt um leyfi til að reisa og reka 4 MW varaafsstöð og var leyfi fyrir rekstri 4 MW varaafsstöð veitt 10. ágúst 2011. Í fyrrgreindum umsóknum kom fram að ætlunin væri að stækka varaafsstöðina í þrepum. Þann 18. júní 2013 veitti Orkustofnun Verne Holdings ehf. leyfi til að reisa og reka allt að 8 MW varaafsstöð með þeim fyrirvörum sem getið er í leyfisbréfi. Leyfið einskorðast við 8 MW varaafsstöð og eru fyrirhugaðar breytingar háðar leyfi Orkustofnunar.

Í samræmi við 4. gr. raforkulaga veitir Orkustofnun virkjunarleyfi. Þá fer stofnunin einnig með þær heimildir sem leiddar verða af leyfisveitingarhlutverki stofnunarinnar og kveðið er á um í raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005. Þá annast Orkustofnun stjórnábyrgð um orkumála Íslands í umboði stjórnvalda og leggur þeim ráð í þeim efnum skv. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkubúskapur þjóðarinnar og hagnýting orkulinda er meðal þeirra viðfangsefna sem Orkustofnun ber ábyrgð á. Það er því meðal annars hlutverk Orkustofnunar að annast ábyrgð stjórnábyrgð um orkumálum. Samkvæmt markmiðsákvæði raforkulaga er tilgangur laganna að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a. skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Tryggja ber öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Loks skal stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Samkvæmt 5. gr. raforkulaga getur leyfisveitandi sett í leyfið skilyrði er lúta m.a. að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa.

Orkustofnun skal í samræmi við 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis, m.a. á grundvelli áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfi og stuðlað sé að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Mat á umsókn, skv. 34. gr. raforkulaga og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, skal grundvallast á málefnalegum sjónarmiðum, þ.m.t. að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlinda sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágranni.

Í 5. gr. raforkulaga er fjallað um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Í 2. mgr. 5. gr. laganna segir að ráðherra geti sett frekari skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis í reglugerð. Í 5. gr. reglugerðar um

Handwritten signature and initials: *AW*, *CPB*, *MD*

framkvæmd raforkulaga er nánar fjallað um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Orkustofnun hefur yfirfarið umsókn Verne Holdings ehf. með hliðsjón af fyrrgreindum skilyrðum sem og niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matskyldu, dags. 22. apríl 2008. Í fyrrgreindu erindi Skipulagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir að varaafilstöðin sé yfir mörkum skv. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, telji stofnunin að framkvæmdin falli ekki undir lögín þar sem varaafilstöð sé eingöngu ætlað að vera til taks ef bilun komi upp. Þá hefur fyrirtækið einnig sýnt fram á að framkvæmdir séu í samræmi við staðfest skipulag á svæðinu en fyrirhuguð stækkun rúmast innan gildandi deiliskipulags fyrir gagnaverið sem samþykkt var 8. júní 2011 af Reykjanesbæ.

Með umsókn sinni og þeim sem henni fylgdu hefur Verne Holdings ehf. sýnt fram á að fyrirtækið uppfylli öll skilyrði laga fyrir útgáfu leyfis til að reisa og reka 10 MW varaafilstöð. Með vísan til þess, og á grundvelli 6. gr. raforkulaga og 7. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, veitir Orkustofnun Verne Holdings ehf., kt. 620607-0960, Valhallarbraut 868, 235 Reykjanesbæ leyfi til að reisa og reka allt að 10 MW varaafilstöð á Ásbrú í Reykjanesbæ, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í leyfi þessu. Leyfið einskorðast við allt að 10 MW varaafilstöð og eru breytingar umfram þau mörk háð leyfi Orkustofnunar.

Með umsókn Verne Holdings ehf. fylgir greinargerð þar sem koma fram helstu upplýsingar varaafilstöðvarinnar, upplýsingar um starfsvæði gagnaversins sem og önnur gögn sem þurfa að fylgja umsókn um virkjunarleyfi samkvæmt 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í greinargerðinni kemur fram að virkjunarleyfis sé óskað þar sem að verið sé að ráðast í framkvæmdir vegna þriðja áfanga í uppbyggingu varaafilstöðvar fyrir gagnaverið sem felur í sér þrjár nýjar vélar og þrjá nýja birgðageyma útfærða á sama hátt og þeir sem fyrir eru, nema þá að umræddir geymar eru staðsettir undir gámunum sem vélnarar eru í. Núverandi varaafilstöð er rekin í samræmi við fyrirliggjandi virkjunar- og starfsleyfi. Stækkunin er samsvarandi því sem fyrir er og mun einnig uppfylla fyrirliggjandi skilyrði í gildandi virkjunar- og starfsleyfum, fyrir utan að afl eykst úr allt að 8 MW í 10 MW.

Í greinargerð kemur einnig fram að gagnaver sé húsnæði með tilheyrandi raf-, kæli- og öryggiskerfum sem sérstaklega er byggt utan um tölvukerfi. Til að tryggja að starfsemi gagnaversins raskist sem minnst, verði rof á afhendingu rafmagns frá Landsneti, er starfrækt varaafilstöð við gagnaverið. Reglubundinn rekstur varaafilstöðvarinnar er u.þ.b. 10 klst. á ári vegna keyrslu og álagsprófana.

Þar sem um er að ræða framkvæmd til að tryggja framleiðslu á varaafli fyrir gagnaver felur leyfi þetta ekki í sér heimild til að afhenda raforku inn á dreifi- og/eða flutningskerfi raforku.

Framkvæmdaraðili hefur gert samning til 99 ára við Ríkissjóð um leigu á 9,6 ha lands á lóðinni Valhallarbraut 868 fyrir byggingar og rekstur gagnavers fyrirtækisins. Að auki hefur fyrirtækið gert samning við Ríkissjóð um forkaupsrétt á byggingum og leigurétt á viðbótar 8,6 ha landi til austurs við núverandi lóð fyrirtækisins.

Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð varaafilstöð falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. erindi stofnunarinnar dags. 22. apríl 2008. Í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, var sótt um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir varaafilstöð gagnaversins ásamt tilheyrandi oliubirgðageymum. Sótt var um starfsleyfi fyrir varaafilstöð og starfsleyfi fyrir allt að 55 MW varaafilstöð gefið út þann 8. september 2009 með gildistíma 30. september 2021. Þar sem horfið var frá fyrri áformum um að reisa 55 MW varaafilstöð var starfsleyfið felld úr gildi þann 6. júní 2012 með auglýsingu nr. 529 og birtist sú auglýsing í B-deild stjórnartíðinda þann 20. júní 2012.

Á grundvelli ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun veita Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga starfsleyfi fyrir atvinnurekstur virkjana og orkuveitna sem framleiða rafmagn undir 50 MW. Framkvæmdir á grundvelli leyfisins eru því háðar leyfi Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Framkvæmdir á grundvelli leyfisins eru í samræmi við gildandi skipulag á svæðinu.

Í samræmi við ákvæði 34. gr. raforkulaga og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga

*Handwritten notes:*  
M7  
M7

var auglýsing í Lögbirtingarblaðinu birt, þann 31. júlí 2014 með fresti til 29. ágúst 2014, til athugasemda fyrir þá er hagsmuna eiga að gæta. Engar athugasemdir bárust Orkustofnun.

Framkvæmdir á grundvelli leyfisins skulu hefjast innan þriggja mánaða frá útgáfu leyfis þessa og ljúka fyrir 31. desember 2015. Leyfið fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef lefishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 14 árum eftir veitingu þess ef varaafsstöðin er þá ekki komin í rekstur, sbr. 2. mgr. 4. gr. raforkulaga. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur lefishafi sótt um endurnýjun leyfis til Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur samkvæmt VII. kafla raforkulaga eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Orkustofnun getur krafist lefishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Verne Holdings ehf. ber að standa Orkustofnun árlega skil á upplýsingum um framleiðslu orkuversins. Fyrirtækið skal ávallt hafa aðgang að þeirri fjárhagslegu og tæknilegu þekkingu sem þarf vegna reksturs varaafsstöðvarinnar. Þá skal tryggt að fyrirtækið hafi ávallt fjárhagslega burði til að efna allar skuldbindingar vegna starfsemi varaafsstöðvarinnar. Mannvirki og tæki eru eign lefishafa og er fyrirtækinu frjálst að nýta mannvirki á svæðinu undir aðra starfsemi í samræmi við ákvæði laga á hverjum tíma.

Ef lefishafi fer ekki að skilyrðum raforkulaga, reglugerðum settum á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal Orkustofnun veita lefishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, sbr. 36. gr. raforkulaga. Ef lefishafi sinnir ekki aðvörun Orkustofnunar innan tilgreindra tímamarka getur stofnunin afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að lefishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.


Með vísan til 2. mgr. 6. gr. raforkulaga er Orkustofnun heimilt að endurskoða leyfi þetta hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.


Leyfið má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 35. gr. raforkulaga.

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki lefishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í raforkulögum eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir. Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 sem og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir.

Gjald fyrir veitingu virkjunarleyfis þessa er 120.000 kr. í samræmi við ákvæði 33. gr. raforkulaga. Virkjunarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra

  
Hanna Björg Konráðsdóttir  
lögfræðingur

  
Magnús Júlíusson  
sérfræðingur

